

# Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

## Fundur 22.des 2009

### 1. fundur

Staðsetning: Pizza Hut, Suðurlandsbraut 12:00 – 14:00

Mættir: Arnar Bill, Ómar, Kristján, Sigurður, Theodór, Þórir og Úlfar  
Boðuð forföll:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

#### 2. Stjórn skiptir með sér verkum

Sigurður Þórir formaður, Kristján varaformaður, Ómar gjaldkeri, Úlfar ritari, Arnar Bill spjaldskrárritari, Þórir og Theodór í varastjórn.

#### 3. 40 ára afmælisárið

Elísabet verður með fyrirlestur 3.janúar. Boð til Stuart Baxter, þjálfara finnska karla landsliðsins er opið. Einnig er líklegt að Morten Olsen gefi færi á heimsókn til Íslands á næsta ári.

Afmælisdagur félagsins er 13. nóv 2010. Stefnt að bikarráðstefnu næsta haust sem og afmælisráðstefnu í kringum 13.nóv. Í athugun með ráðstefnu/fyrirlestra að vori 2010. Ákveðið að gefa út æfingablað mánaðarins, Arnar Bill og Úlfar sjá um fyrstu útgáfu.

#### 3. Tengiliðir á RVK svæðinu og landshlutatengiliðir

Farið yfir tengiliði stjórnar á höfuðborgarsvæðinu.

#### 4. Réttindalausir þjálfarar í efstu deildum

Umræður um hvernig KÞÍ standi best vörð um þjálfarastéttina. Ákveðið að formaður og varaformaður ræði við lögfræðing félagsins.

#### 5. Önnur mál

- a. KSÍ námskeið í Vestmannaeyjum, Láki kynnti félagið.
- b. Búið að dreifa húfum og blaði til félagsmanna sem borguðu á tilskyldum tíma. Næst farið í að senda þeim sem hafa greitt árgjaldið síðar.
- c. Fréttablað, stefnt að útgáfu 1.feb. Lýðheilsustöð er búin að kaupa auglýsingu. Efni í blaðið: pistill formanns á afmælisári, æfingar/fyrirlestrar/ráðstefnur á árinu sem leið.
- d. Guðni Kjartans benti stjórn á að senda út tölvupóst þegar fréttir eru settar inn á heimasíðu félagsins.
- e. Umræður um félagatal eftir ábendingu frá Sigga Ragga.
- f. Umræður um tölfræði í efstu deild karla. Ákveðið að formaður ræði við formann KSÍ um málið.
- g. Ársþing KSÍ er 13.feb 2010.

Úlfar Hinriksson  
ritari